

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur, Hörgsholt 1a.

Í samræmi við skipulagslög og samþykkt um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar á fundi þann 23. október 2019 að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur, vegna lóðarinnar Hörgsholt 1a. Breytingin felst í að byggingarreitur dreifistöðvar er færður til og var hún grenndarkynnt frá 28. október til 25. nóvember 2019. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 5. desember 2019.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2019